

## REGLUGERÐ

### um gildistöku reglugerða Evrópusambandsins um lyfjamál (XVI).

#### 1. gr.

Eftirtalin reglugerð framkvæmdastjórnarinnar sem vísað er til í lið 15x í XIII. kafla II. viðauka við EES-samninginn, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 151/2019 frá 14. júní 2019, skal öðlast gildi hér á landi með þeim breytingum sem leiðir af II. viðauka samningsins, bókun 1 við samninginn og öðrum ákvæðum hans:

Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/729 frá 26. febrúar 2018 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 273/2004 og reglugerð ráðsins (EB) nr. 111/2005 að því er varðar að færa tiltekin forefni fíkniefna á skrá yfir skráð efni. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, nr. 49, frá 20. júní 2019, bls. 185.

#### 2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 50. gr. lyfjalaga nr. 93/1994, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

*Heilbrigðisráðuneytinu, 19. nóvember 2019.*

**Svandís Svavarsdóttir.**

\_\_\_\_\_  
*Ásthildur Knútsdóttir.*